



Leiðbeiningar ef upp kemur grunur um smit

Ef upp kemur grunur um Covid-19 smit hjá íbúum sem njóta þjónustu velferðasviða er ekki þörf á að fá staðfestingu um hvort um Covid-19 sé að ræða eða önnur veikindi. Sé vilji fyrir því að fá staðfestingu hvort um sé að ræða Covid-19 smit er nóg að tekið sé hraðpróf inni á heimilinu. Ekki er þörf á að fá sýnatöku hjá sérstöku teymi heldur geta starfsmenn velferðarsviða séð um að taka prófin sjálf. Velferðarsviðið sér um að útvega prófin.

Greinist viðkomandi jákvæður er mælt með því að einangra sig að mestu frá öðrum í 5 daga en ef um er að ræða lítil eða engin einkenni er mælt með að viðkomandi viðhafi smitgát í 5 daga.

Ef talin er þörf á staðfestingu með PCR prófi vegna veikinda einstaklingsins eða af öðrum ástæðum er einungis hægt að fá slíkt próf af beiðni læknis. Upplýsingar og ráðgjöf tengt veikindum er hægt að fá á netspjalli Heilsuveru og í síma 513 1700, sem og 1700. Í neyðartilfellum skal ávallt hringja í Neyðarlínuna 112 og taka fram að um Covid-19 smit sé að ræða.